

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 5

3. árgangur

1.2.1996

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

96/EES/5/01 Orðsending frá eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 64. lið a í XIII. viðauka við EES-samninginn - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Noregs..... 01

96/EES/5/02 Orðsending frá eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 64. lið a í XIII. viðauka við EES-samninginn - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Noregs..... 02

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/5/03 Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.663 - Dow/DuPont).....04

96/EES/5/04 Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.694 - SKF/INA/WPB)..... 04

96/EES/5/05 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.595 - British Telecommunications/VIAG)..... 05

96/EES/5/06 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.655 - Canal+ /UFA/MDO)..... 06

96/EES/5/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.676 - Ericsson/Ascom II).....	06
96/EES/5/08	Ríkisaðstoð - C 45/95 (NN 48/95) - Ítalía.....	06
96/EES/5/09	Ríkisaðstoð - C 52/95 (ex N/184/B/93) - Ítalía.....	07
96/EES/5/10	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki.....	07
96/EES/5/11	Skrá yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt.....	08
96/EES/5/12	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Breyting á skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Írlands.....	09
96/EES/5/13	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	10
	3. Dómstóllinn	
96/EES/5/14	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna.....	12
96/EES/5/15	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.....	14

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Orðsending frá eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt 96/EES/5/01
a-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 64. lið a í XIII. viðauka
við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí
1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins)

Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan
Noregs

1. Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Noregur ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi frá 1. ágúst 1996 á eftirfarandi leiðum:

- Fagernes - Ósló (Fornebu),
- Fagernes - Bergen.

2. Skyldan til að veita opinbera þjónustu felur í sér:

Lágmarksfjöldi flugferða:

- Fagernes - Ósló v.v.: tvö flug, án millilendingar, daglega frá mánudegi til föstudags og eitt á sunnudögum allt árið, fyrir utan fimm vikna tímabil um mitt sumar (júlí-ágúst), en þá er að minnsta kosti eitt flug, án millilendingar, alla daga nema laugardaga.
- Fagernes - Bergen v.v.: eitt flug, án millilendingar, daglega fimm daga í viku (alla daga nema laugardaga og einn annan dag til viðbótar sem flugfélagið eða flugfélögin ákveða) allt árið.

Tímaáætlun:

- Á virkum dögum (fyrir utan fyrrnefnt tímabil um mitt sumar) verður áætlunin að gera farþegum frá Fagernes kleift að ná til Óslóar og Bergen fyrir hádegi og halda til baka síðdegis eða um kvöldið.
- Á Fornebu-flugvelli í Ósló mun eftirfarandi afgreiðslutíma, sem nú er ætlaður fyrir leiðina milli Fagernes og Óslóar, úthlutað fyrir flugþjónustuna í samræmi við 9. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 95/93 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum:
 - 09.10 og 09.40 (að staðartíma) frá mánudegi til föstudags,
 - 17.55 og 18.30 (að staðartíma) alla daga nema laugardaga.

Gerð loftfars:

- Loftfar sem tekur minnst 15 farþega í sæti skal notað á leiðunum.

Fargjöld:

- Grunnfargjald aðra leiðina árið 1996 skal ekki fara yfir 650 NOK á leiðinni Fagernes - Ósló og 1 150 NOK á leiðinni Fagernes - Bergen. Að minnsta kosti 15% lækkun á grunnfargjaldi skal standa farþegum til boða sem fara í áframhaldandi flug eða koma úr öðru flugi innanlands. Fyrir hvert ár þar á eftir skulu þessi fargjöld endurskoðuð 1. ágúst á grundvelli vísitölu vöru og þjónustu fyrir tólf mánaða tímabil sem lýkur 15. júní sama ár, svo sem norska hagstofan tilkynnir.
- Félagslegur afsláttur skal veittur í samræmi við gildandi venjur.

3. Aðgangur að leiðunum:

Aðgangur að leiðunum Fagernes - Ósló og Fagernes - Bergen er opinn öllum EES-flugfélögum⁽¹⁾ án takmarkana, þar sem Noregur beitir ekki ákvæðum 2. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 hvað varðar þessar leiðir.

4. Frekari upplýsingar er hægt að fá hjá:

Samferdselsdepartementet
Postboks 8010 Dep
N-0030 OSLO

Sími: + 47 22 24 90 90
Bréfasími: +47 22 24 95 72
Telex: 21439 sdep n.

96/EES/5/02

**Orðsending frá eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt a-lið
1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 64. lið a í XIII. viðauka við
EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992
um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins)**

**Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan
Noregs**

1. Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Noregur ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi frá 1. ágúst 1996 á eftirfarandi leið:

- Værøy (þyrluvöllur) - Bodø.

2. Skyldan til að veita opinbera þjónustu felur í sér:

Lágmarksfjöldi flugferða:

- 1. febrúar til 31. október: tvö flug fram og til baka daglega frá mánudegi til föstudags og eitt flug fram og til baka laugardaga og sunnudaga.
- 1. nóvember til 31. janúar: eitt flug fram og til baka daglega.

⁽¹⁾ Með „EES-flugfélagi“ er átt við bandalagsflugfélag eða flugfélag með gilt rekstrarleyfi útgefnu í EFTA-ríki sem aðild á að EES-samningnum í samræmi við gerðina sem um getur í 66. lið b í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum).

Tímaáætlun: Á þeim dögum þegar krafist er tveggja flugferða fram og til baka verður áætlunin að gera farþegum frá Værøy kleift að ná til Bodø fyrir hádegi og halda til baka síðdegis eða um kvöldið.

Gerð þyrlu:

- Þyrla sem tekur minnst 15 farþega í sæti skal notað á flugleiðinni. Flugfélögunum skal tilkynnt að sjónflugsglur (VFR) við dagsbirtu gilda á þyrluflugvellingum í Værøy.

Fargjöld:

- Grunnfargjald aðra leiðina árið 1996 skal ekki fara yfir 650 NOK. Fyrir hvert ár þar á eftir skulu þessi fargjöld endurskoðuð 1. ágúst á grundvelli vísitölu vöru og þjónustu fyrir tólf mánaða tímabil sem lýkur 15. júní sama ár, svo sem norska hagstofan tilkynnir.
- Flugfélagið skal eiga aðild að flugskiptasamningum sem gilda fyrir innanlandsleiðir á þeim tíma er um ræðir.
- Félagslegur afsláttur skal veittur í samræmi við gildandi venjur.

3. Aðgangur að leiðinni:

Aðgangur að leiðinni Værøy - Bodø er opinn öllum EES-flugfélögum⁽¹⁾ án takmarkana, þar sem Noregur beitir ekki ákvæðum 2. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 hvað varðar þessa leið.

4. Frekari upplýsingar er hægt að fá hjá:

Samferdselsdepartementet
Postboks 8010 Dep
N-0030 OSLO

Sími: + 47 22 24 90 90
Bréfasími: +47 22 24 95 72
Telex: 21439 sdep n.

⁽¹⁾ Með „EES-flugfélagi“ er átt við bandalagsflugfélag eða flugfélag með gilt rekstrarleyfi útgefna í EFTA-ríki sem aðild á að EES-samningnum í samræmi við gerðina sem um getur í 66. lið b í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum).

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.663 - Dow/DuPont)

96/EES/5/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. 1. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem fyrirtækin E.I. DuPont de Nemours and Company og Dow Chemical Company öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu DuPont Dow Elastomers L.L.C.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - E.I. DuPont de Nemours and Company: kemísk efni, trefjar, fjölliður og steinolía,
 - Dow Chemical Company: kemísk efni, plast, orka, landbúnaðarvörur og lyf,
 - Dupont Dow Elastomers L.L.C: elastómerar.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtíð. EB nr. C 24, 30. 1. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.663 - Dow/DuPont, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.694 - SKF/INA/WPB)

96/EES/5/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. 1. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem fyrirtækin SKF GmbH, Schweinfurt/D, sem tilheyrir sænsku fyrirtækjasamstæðunni SKF og Industriefabrik Schaeffler KG, Herzogenaurach/D, sem tilheyrir þýsku fyrirtækjasamstæðunni Schaeffler öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu WPB Waterpump Bearing GmbH & Co. KG með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni þar sem þau munu sameina viðskipti sín að því er varðar framleiðslu og sölu á legum fyrir vatnsdælur.

(¹) Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:

- SKF: framleiðsla og sala á vélarhlutum, einkum legum,
- Schaeffler-samstaðan: kúlu- og keflalegur, legur fyrir vatnsdælur.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 23, 27. 1. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.694 - SKF/INA/WPB, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.595 - British Telecommunications/VIAG)**

96/EES/5/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. 12. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmduist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

(¹) Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.655 - Canal+ /UFA/MDO)****96/EES/5/06**

Framkvæmdastjórnin ákvað 13. 11. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.676 - Ericsson/Ascom II)****96/EES/5/07**

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. 12. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Ríkisaðstoð
C 45/95 (NN 48/95)
Ítalía****96/EES/5/08**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar ítalska aðstoðaráætlun um að veita aðilum sem stunda farmflutninga á vegum frest á greiðslu skatta (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 3, 6. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Ríkisaðstoð
C 52/95 (ex N/184/B/93)
Ítalía

96/EES/5/09

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoðaráætlun sem Ítalía lagði til handa flutningafyrirtækjum í héraðinu Friuli-Venezia-Giulia (sjá nánari útlistun í Stj. EB nr. C 2, 5. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stj. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 96/EES/5/10
Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framlengingu á aðstoðaráætlun sem Spánn lagði fram til að styðja fjárfestingar lítilla og meðalstórra fyrirtækja í País Vasco, ríkisaðstoð nr. N 564/95 (sjá nánari útlistun í Stj. EB nr. C 19, 23. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð til að bæta skilyrði við vinnslu og markaðssetningu á skógræktarvörum á Spáni, ríkisaðstoð nr. N 378/95 (sjá nánari útlistun í Stj. EB nr. C 19, 23. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska atvinnuáætlun um að aðstoða ungt fólk sem er að hefja starfsferil sinn, ríkisaðstoð nr. N 628/95 (sjá nánari útlistun í Stj. EB nr. C 19, 23. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt byggðaaðstoð á Ítalíu sem nemur hærri fjárhæð en gert er ráð fyrir samkvæmt fjárhagsáætluninni í 5. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar frá 9. desember 1992, ríkisaðstoð nr. N 903/95 (sjá nánari útlistun í Stj. EB nr. C 19, 23. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt nýja fjárhagsáætlun sem hollensk stjórnvöld lögðu til vegna aðstoðaráætlunar á sviði rannsókna og þróunar, ríkisaðstoð nr. N 850/95 (sjá nánari útlistun í Stj. EB nr. C 19, 23. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð við lítíl fyrirtæki og aðstoð vegna þróunar lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Finnlandi, ríkisaðstoð nr. N 857/95 (sjá nánari útlistun í Stj. EB nr. C 19, 23. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fjárhagsaðstoð í tengslum við staðbundna uppbyggingu í samgöngum í Breska konungsríkinu, ríkisaðstoð nr. NN 144/95 (sjá nánari útlistun í Stj. EB nr. C 19, 23. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska aðstoðaráætlun til að stuðla að uppbyggingu ferðamannaíðnaðarinnar, ríkisaðstoð nr. N 104/95 (sjá nánari útlistun í Stj. EB nr. C 19, 23. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska aðstoðaráætlun til að stuðla að uppbyggingu ferðamannaiðnaðarins sem tekur til fjárfestingaraðstoðar lítilla og meðalstórra fyrirtækja á sviði ferðamála, ríkisaðstoð nr. N 105/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 19, 23. 1. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt portúgalska aðstoðaráætlun í þágu atvinnulífsins á Madeira sem miðar að því að styrkja efnahagslega uppbyggingu héraðsins með því að nýta fyrirleggjandi möguleika, ríkisaðstoð nr. N 823/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 19, 23. 1. 1996).

Skrá yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt 96/EES/5/11

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi ákvarðanir:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. október 1995 um aðstoð sem belgíska héraðið Flandur veitti vörubílaframleiðandanum DAF (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 15, 20. 1. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. október 1995 um aðstoð sem Holland veitti vörubílaframleiðandanum DAF (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 15, 20. 1. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. nóvember 1995 um breytingu á ákvörðun 83/243/EBE hvað varðar skrá yfir starfsstöðvar í Botswana sem eru viðurkenndar til að annast innflutning á nýju kjöti til bandalagsins (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 338, 16. 12. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. desember 1995 um breytingu á ákvörðun 94/85/EB um gerð skrár yfir þriðju lönd sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju alifuglakjöti frá (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 1, 3. 1. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. desember 1995 um aðra breytingu á ákvörðun 95/186/EB um markaðssetningu og notkun svínakjöts við beitingu á 9. gr. tilskipunar ráðsins 80/217/EBE (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 1, 3. 1. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. desember 1995 um niðurfellingu á ákvörðun 94/514/EB um tiltekna verndarráðstafanir hvað varðar gin- og klaufaveiki í Grikklandi (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 1, 3. 1. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. desember 1995 um breytingu á ákvörðun 84/24/EBE hvað varðar skrá yfir starfsstöðvar á Íslandi sem eru viðurkenndar til að annast innflutning á nýju kjöti til bandalagsins (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 350, 30. 12. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. desember 1995 um breytingu á ákvörðunum 93/387/EBE, 93/436/EBE, 93/437/EBE, 93/494/EBE, 93/495/EBE, 94/198/EBE, 94/200/EBE, 94/269/EB, 94/323/EB, 94/324/EBE, 94/325/EB, 94/448/EB, 94/766/EB, 94/777/EB og 94/778/EC um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum sem upprunnar eru í tilteknum þriðju löndum (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 9, 12. 1. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/35/EB frá 20. desember 1995 um breytingu á ákvörðun 95/357/EB um gerð skrár yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar hvað varðar eftirlit dýralæknis með afurðum og dýrum frá þriðju löndum, nákvæmar reglur varðandi eftirlit sérfræðinga bandalagsins í dýralækningum og um niðurfellingu á ákvörðun 94/24/EB (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 10, 13. 1. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/36/EB frá 20. desember 1995 um breytingu á ákvörðun 95/375/EB um gerð skrár yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar hvað varðar eftirlit dýralæknis með afurðum og dýrum frá þriðju löndum, nákvæmar reglur varðandi eftirlit sérfræðinga bandalagsins í dýralækningum og um niðurfellingu á ákvörðun 94/24/EB (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 10, 13. 1. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. desember 1995 um sérstakar ráðstafanir til að banna tímabundið samsettar ábyrgðir vegna tiltekinna umflutninga (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. L 10, 13. 1. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. desember 1995 um reglur um tæknilegar og vísindalegar ráðstafanir í tengslum við eftirlit með svínapest og fjárstuðningi bandalagsins (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. L 7, 10. 1. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. desember 1995 um breytingu á ákvörðun 87/257/EBE hvað varðar skrá yfir starfsstöðvar í Bandaríkjunum sem eru viðurkenndar til að annast innflutning á nýju kjöti til bandalagsins (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 3, 6. 1. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. desember 1995 um breytingu á ákvörðun 87/258/EBE hvað varðar skrá yfir starfsstöðvar í Kanada sem eru viðurkenndar til að annast innflutning á nýju kjöti til bandalagsins (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 3, 6. 1. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. janúar 1996 um sameiginlegar tæknilegar reglugerðir vegna aðgangs að almenna pakkaskipta gagnaflutningsnetinu (PSPDN) með því að nota tengibúnaðinn sem um getur í tilmælum CCITT X.25 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. L 13, 18. 1. 1996).

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið
1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

96/EES/5/12

**Breyting á skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan
Írlands**

Írsk stjórnvöld hafa ákveðið að breyta skyldu til að veita opinbera þjónustu sem tilkynnt var um í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 3, 5. 1. 1994, samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, hvað varðar áætlunarflug á flugleiðunum Dyflin/Donegal/Dyflin og Dyflin/Sligo/Dyflin (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 3, 6. 1. 1996).

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

96/EES/5/13

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtið. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
95-0412-D	Drög að reglugerð um dýravernd í tengslum við slátrun eða aflifun (dýravernd/reglugerð um slátrun - TierShcIV)	13.3.1996
95-0413-D	Tæknilegar reglugerðir fyrir gufukatla - TRD 421: Öryggisbúnaður til varnar gegn yfirþrýstingi - öryggisventlar fyrir gufukatla í I., III. og IV. flokki	13.3.1996
95-0414-D	Tæknilegar reglugerðir fyrir gufukatla - TRD 301, 1. viðauki: Útreikningur á breytilegu álagi vegna aukins innri þrýstings eða vegna breytilegs innri þrýstings og hitastigsbreytinga	13.3.1996
95-0415-D	Tæknilegar reglugerðir fyrir gufukatla - TRD 110: Ventilhús	13.3.1996
95-0416-D	Tæknilegar reglugerðir fyrir gufukatla - TRD 701: Gufukatlabúnaður með gufurafölum í II. flokki	13.3.1996
95-0417-D	Tæknilegar reglugerðir fyrir gufukatla - TRD 107: Íhlutar fyrir gufukatla úr prófil- og smíðastáli	13.3.1996
95-0418-D	Tæknilegar reglugerðir fyrir gufukatla - TRD 305: Sléttir skilveggir, styrkingar og burðarstöðir	13.3.1996
95-0419-D	Tæknilegar reglugerðir fyrir gufukatla - TRD 102: Heildregin og rafþrýstisoðin stálrör	13.3.1996
95-0420-D	Tæknilegar reglugerðir fyrir gufukatla - TRD 301: Sívalningssskálur fyrir innri yfirþrýsting	13.3.1996
95-0421-D	Tæknilegar reglugerðir fyrir gufukatla - TRD 721: Öryggisbúnaður til varnar gegn yfirþrýstingi - öryggisventlar fyrir gufukatla í II. flokki	13.3.1996
95-0422-D	Tæknilegar reglugerðir fyrir gufukatla - TRD 702: Gufukatlabúnaður með vatnshitara í II. flokki	13.3.1996
95-0423-D	Tæknilegar reglugerðir fyrir gufukatla - TRD 801: Gufukatlar í I. flokki	13.3.1996
95-0424-D	Tæknilegar reglugerðir fyrir gufukatla - TRD 203: Heildregnir geymar og sambærilegir holir tankar með innra þvermál sem er minna en 600 mm - framleiðsla og eftirlit	13.3.1996
95-0425-D	Tæknilegar reglugerðir fyrir gufukatla - TRD 106: Skrófur og rær úr stáli	13.3.1996
95-0426-D	Tæknilegar reglugerðir fyrir gufukatla - TRD 414: Viðarbrennsla í gufukötum	13.3.1996
95-0427-D	Tæknilegar reglugerðir fyrir gufukatla - TRD 411: Oliúbrennsla í gufukötum	13.3.1996
95-0428-UK	Reglugerðir um umferðarmerki (tímabundin afgirðing) 1996	15.3.1996
95-0431-F	Reglugerð sem fylgir sem viðauki við tilmæli frá 23. nóvember 1987 um öryggi skipa. Hluti 233: Kafbátar	14.3.1996
95-0432-GR	Tæknileg reglugerð um breytingu á 70. gr. í lögum um matvæli - merkingar, almenn vinnsluskilyrði og markaðssetning	15.3.1996
⁽³⁾ ⁽⁴⁾		

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

Frankvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til frankvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Frankvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til frankvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

96/EES/5/14

Dómur dómstólsins frá 9. nóvember 1995 í máli C-465/93 (beiðni um forúrskurð frá Verwaltungsgericht Frankfurt am Main): Atlanta Fruchthandels-gesellschaft mbH o.fl. gegn Bundesamt für Ernährung und Forstwirtschaft (reglugerð - beiðni um forúrskurð - gildi gerðarinnar dregið í efa - innlendur dómstóll - tímabundin undanþága).

Dómur dómstólsins frá 9. nóvember 1995 í máli C-466/93 (beiðni um forúrskurð frá Verwaltungsgericht Frankfurt am Main): Atlanta Fruchthandels-gesellschaft mbH o.fl. gegn Bundesamt für Ernährung und Forstwirtschaft (bananar - sameiginleg markaðsskipulagning - innflutningsfyrirkomulag - gildi gerðarinnar dregið í efa).

Dómur dómstólsins frá 9. nóvember 1995 í máli C-426/93: Sambandslýðveldið Þýskaland gegn ráði Evrópusambandsins (málshöfðun til ógildingar - reglugerð (EBE) nr. 2186/93 um samræmingu í bandalaginu á gerð fyrirtækjaskráa með tilliti til hagskýrslna - lagalegur grunnur - hlutfallsreglan).

Dómur dómstólsins frá 9. nóvember 1995 í máli C-475/93 (beiðni um forúrskurð frá Sozialgericht Speyer): Jean-Louis Thévenon og Stadt Speyer - Sozialamt gegn Landesversicherungsanstalt Rheinland-Pfalz (almannatryggingar - 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 - beiting reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 í staðinn fyrir samninga um almannatryggingar milli aðildarríkjanna).

Dómur dómstólsins (þriðja deild) frá 9. nóvember 1995 í máli C-38/94 (beiðni um forúrskurð frá Divisional Court of the Queen's Bench Division of the High Court of Justice of England and Wales): The Queen gegn Minister of Agriculture, Fisheries and Food, fyrir hönd: Country Landowners' Association (sameiginleg markaðssetning á kinda-, geita-, nauta- og kálfakjöti - yfirfærarleg bótaréttindi veittar framleiðenda - bætur til landeigenda).

Dómur dómstólsins frá 9. nóvember 1995 í máli C-91/94 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Grande Instance, París): Sakamál á hendur Thierry Tranchant og Téléphone Store SARL, ábyrgir aðilar samkvæmt einkarétti (tilskipun ráðsins 88/301/EBE - sjálfstæði stofnana sem eru ábyrgar fyrir eftirliti með beitingu tæknilegra forskrifta - prófunarstofur).

Dómur dómstólsins (fyrsta deild) frá 9. nóvember 1995 í máli C-235/94 (beiðni um forúrskurð frá Crown Court, Bolton): Sakamál á hendur Alan Geoffrey Bird (félagslöggjöf á sviði flutninga á vegum - undanþága vegna öryggisástæðna).

Dómur dómstólsins (önnur deild) frá 16. nóvember 1995 í máli C-152/94 (beiðni um forúrskurð frá Rechtbank van Eerste Aanleg, Gent): Sakamál á hendur Geert van Buynder (stofnsetningarréttur - dýralæknar - innlendar aðstæður).

Dómur dómstólsins (önnur deild) frá 16. nóvember 1995 í máli C-196/94 (beiðni um forúrskurð frá dómnefndinni í Conseil d'État, Lúxemborg): Catherine Schiltz-Thilmann gegn landbúnaðarráðherra (forúrskurður - túlkun á 5. lið c í reglugerð (EBE) nr. 804/68 frá 27. júní 1968 um sameiginlega skipulagningu á markaðinum fyrir mjólk og mjólkurvörur - viðbótarálögur - farið yfir viðmiðunarmagn).

Mál C-351/95: Beiðni um forúrskurð frá Bayerisches Verwaltungsgericht München, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 14. júní 1995 í máli Selma Kadiman gegn Freistaat Bayern.

Mál C-356/95: Beiðni um forúrskurð frá Schleswig-Holsteinisches Oberverwaltungsgericht samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 27. október 1995 í máli Matthias Witt gegn Amt für Land- und Wasserwirtschaft.

⁽¹⁾ Sjá Stjtð. EB nr. C 16, 20. 1. 1996.

Mál C-357/95 P: Áfrýjað var þann 21. nóvember 1995 af ENU (Empresa Nacional de Urânio, SA) dómi uppkveðnum þann 15. september 1995 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (önnur deild með auknum fjölda dómara) í sameinuðum málum T-458/93 og T-523/93 milli ENU (Empresa Nacional de Urânio, SA) og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-358/95: Beiðni um forúrskurð frá Pretura di Pordenone samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 18. október 1995 í máli Tommaso Morellato og Usl No 11, Pordenone.

Mál C-360/95: Mál höfðað þann 23. nóvember 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinnu Spáni.

Mál C-361/95: Mál höfðað þann 23. nóvember 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinnu Spáni.

Mál C-362/95 P: Áfrýjað var þann 27. nóvember 1995 af 1) Blackspur DIY Ltd, 2) Steven Kellar, 3) J.M.A Glancy og 4) Ronald Cohen dómi uppkveðnum þann 18. september 1995 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fyrsta deild með auknum fjölda dómara) í máli T-168/94 milli 1) Blackspur DIY Ltd, 2) Steven Kellar, 3) J.M.A Glancy og 4) Ronald Cohen og 1) ráðs Evrópusambandsins og 2) framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-363/95: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Roma - Sezione Distaccata di Tivoli samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 8. nóvember 1995 í sakamáli á hendur Giuseppe Tancredi.

Mál C-364/95 og C-365/95: Beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht Hamburg samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 22. og 27. september 1995 í máli Firma T. Port GmbH & Co gegn Hauptzollamt Hamburg-Jonas.

Mál C-366/95: Beiðni um forúrskurð frá Højesteret samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 22. nóvember 1995 í máli Landbrugsministeriet, EC-Direktoratet gegn Steff-Houlberg Export I/S, Nowaco A/S, Nowaco Holding A/S og SMC frá 31. 12. 1989.

Mál C-367/95 P: Áfrýjað var þann 28. nóvember 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna dómi uppkveðnum þann 28. september 1995 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fjórða deild með auknum fjölda dómara) í máli T-95/94 milli Chambre Syndicale Nationale des Entreprises de Transport de Fonds et Valeurs (SYTRAVAL) og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, með stuðningi Lýðveldisins Frakklands.

Mál C-368/95: Beiðni um forúrskurð frá Handelsgericht Wien samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 15. september 1995 í máli Vereinigte Familapreß Zeitungsverlags- und vertriebs GmbH gegn Heinrich Bauer Verlag.

Mál C-370/95, C-371/95 og C-372/95: Beiðni um forúrskurð frá Audiencia Nacional, Sala de lo Contencioso-Administrativo, Sección Octava samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 4. júlí, 13. september og 15. nóvember 1995 í máli Careda SA, FEMARA og FACOMARE gegn Administración General del Estado (Ministerio de Economía y Hacienda).

Mál C-373/95: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Venezia samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 3. nóvember 1995 í máli Federica Maso o.fl. og Graziano Gazzetta o.fl. gegn Istituto Nazionale della Previdenza Sociale (INPS).

Mál C-376/95: Beiðni um forúrskurð frá Tribunale di Genova, Sezione Prima Civile samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 16. nóvember 1995 í máli Cesare Regnoli & Figlio srl gegn Amministrazione delle Finanze dello Stato.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 96/EES/5/15

Fyrirmæli forseta dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi frá 22. nóvember 1995 í máli T-395/94 R II: Atlantic Container Line AB o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 13. nóvember 1995 í máli T-126/95: Dumez gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (synjun framkvæmdastjórnarinnar um að hefja mál vegna brots á sáttmálanum - málshöfðun til ógildingar - málshöfðun vegna yfirlýsingar um vanefnd aðgerða - máli vísað frá).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 13. nóvember 1995 í máli T-127/95: Soci  t   Auxiliaire d'Entreprises gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (synjun framkvæmdastjórnarinnar um að hefja mál vegna brots á sáttmálanum - málshöfðun til ógildingar - málshöfðun vegna yfirlýsingar um vanefnd aðgerða - máli vísað frá).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 13. nóvember 1995 í máli T-128/95: A  roports de Paris gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (synjun framkvæmdastjórnarinnar um að hefja mál vegna brots á sáttmálanum - málshöfðun til ógildingar - málshöfðun vegna yfirlýsingar um vanefnd aðgerða - máli vísað frá).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 7. nóvember 1995 í máli T-168/95 R: Eridania Zuccherifici Nazionali SpA o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál T-193/95: Mál höfðað þann 16. október 1995 af Fintecna S.p.A gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-214/95: Mál höfðað þann 27. nóvember 1995 af h  ra  inu Flandri gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 10. nóvember 1995 í máli T-554/93: A.T.E. Saint, C. Murray og M. Craig gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna tekin af málaskrá.

(¹) Sj   Stjtt  . EB nr. C 16, 20. 1. 1996.